

**Sp. 275. Tillaga til þingsályktunar**

um ákvæðisvinnu og kaupgreiðslur eftir afköstum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja á þessu ári nýtt skipulag í vinnu- og kaupgjaldsmálum, þar sem byggt verður á reynslu Rússa og Bandaríkjamanna um ákvæðisvinnu og greiðslu á kaupum eftir afköstum.

**Greinargerð.**

Fyrir nokkrum árum var samþykkt á Alþingi tillaga frá mér, þar sem leitað var eftir stuðningi ríkisstjórnarinnar við að afla heimilda frá Bandaríkjunum og Rússlandi um ákvæðisvinnu og fyrirkomulag, þar sem kaup er greitt eftir af-

köstum. Mun nú mál komið að hreyfa að nýju þessu mikla vandamáli þjóðarinnar. Er það alkunnugt, að hér á landi eru mjög mikil brögð að því, að heimtað er fullt kaup fyrir lélega vinnu, og hitt, sem ekki er betra, að þess eru mörg dæmi, að duglegir menn verða fyrir aðkasti frá silakeppum fyrir að vinna vel og trúlega. Úr þessu er ekki hægt að bæta nema með nýju skipulagi, þar sem hver vinnandi maður fær kaup í hlutfalli við það, sem hann afkastar. Í tveim mestu stórveldum heimsins er þetta nýja fyrirkomulag lengst á veg komið. Það er í Bandaríkjunum og Rússlandi. Er enginn vafi á, að í báðum þessum löndum er þetta vinnuskipulag beinlínis undirstaða hinna miklu tækniframfara í þessum löndum. Hafa hinir voldugu iðnrekendur, eins og Henry Ford, mótað þetta skipulag. Lenin kunnir vel að meta tækni Ameríkumanna og þar gott skyn á, hvers virði hún var. Fékk hann, og síðar Stalin, frá Bandaríkjunum mikinn fjölda kunnáttumanna til að reisa iðnaðinn frá grunni og koma nútímaskipulagi á framleiðsluna. Þar sem Rússar hafa staðið í þessum efnum á byrjendastigi með mjög litla tækni, þegar ríki þeirra hófst, er meira af þeim að læra í þessu efni en Bandaríkjamönnum, sem hafa að baki sér langa þróun í iðnaðar- og verkamálum. Verður meir vitnað til Rússa í þessari greinargerð, þó að skipulagið sé upprunalega amerísk upp-götvun og þaðan komið í austurveg.

Eftir byltinguna 1917 var látið heita svo, að verkamannaráðin tækju við allri stjórn á framleiðslumálum iðnaðarins. Var þá í fyrstu gert ráð fyrir jöfnu kaupum við sömu vinnu, eins og verkamenn í Vesturlöndum hafa talið rétt vera og óhjákvæmilegt. En brátt sá Lenin, að ríki hans þyldi ekki það jafnrétti. Afköst vinnunnar voru svo misjöfn, að ekki þótti við hlítandi. Eftir eins árs reynslu ákvað Lenin að skipa verkamönnum í mismunandi launaflokka eftir verkkunnáttu og eðli starfanna. Voru flokkarnir í fyrstu 5, en tveim áðum síðar voru þeir orðnir 12 í sumum iðngreinum. Kaupið var mjög mishátt og ekki jafnt bil milli launaflokkanna. Árið 1921 hóf Lenin hina nýja fjármálastefnu, og varð þá enn meiri munur á kaupum og kjörum launaflokkanna. Valt á ýmsu í þessu efni, þar til fyrsta 5 ára áætlunin hófst 1928. Stalin reyndi þá að auka vinnuhraðann og afköstin með því að koma á samkeppni um afköst milli tiltekinna vinnuflokka, sem stóðu jafnt að vígi. Auk þess var reynt að skapa sérstaka vinnugarpa og láta þá menn hvetja aðra til meiri afkasta. Þessir úrvals dugnaðarmenn fengu ýmiss konar sérréttindi: Meiri matarskammt, ódýra eða ókeypis leikhúsmiða, aðgang að sumarhvíld á Krim eða í Kákasus. Á þessu tímabili var þó hjá stjórnarvöldunum hneigð til að jafna kaupgreiðslur, frá jafnréttissjónarmiði. En til að bæta agann og afköstin var meiri stund en áður lögð á að koma við ákvæðisvinnu.

En öll þessi úrræði reyndust ónóg til að koma iðnaði landsins á fastan fót. Í júní 1931 hélt Stalin ræðu um þetta stórmál og fleygði frá sér öllum hinum gömlu verkalýðskeningum varðandi jafna kaupgreiðslu fyrir góða og svikna vinnu og lagði leið sína inn á reynslulönd amerískra dugnaðarmanna. Stalin byrjar ræðu sína með því að kvarta undan miklu losi á verkalýðnum, eilífu flakki frá einni verksmiðju til annarrar. Hann spyr: „Hver er ástæðan?“ — og svarar sér sjálfur á þessa leið:

„Ástæðuna er að finna í röngum launastiga, launakerfi, sem er á misskilningi byggt, í vinstri jafnaðartilhneigingu í launagreiðslum. Í mörgum iðngreinum er launakerfið þannig, að það gerir út af við allan mun milli þeirra, sem kunna til verka, og hinna, sem ekkert kunna, milli erfiðisvinnu og léttavinnu. Afleiðing þessarar jafnaðarstefnu er sú, að sá, sem ekkert kann, sér engan hag í að læra til verka. Hann verður þannig af möguleikanum á því að komast áfram, og afleiðingin er sú, að honum finnst hann ekki vera nema lausamaður í iðnaðinum, maður, sem erfiðar um tíma í því skyni að vinna sér svolitíð inn og fara síðan og freista gæfunnar annars staðar. Árangur jafnaðarstefnunnar er sá, að verkamaður, sem kann til verka, sér sig tilneyddan að leita frá einu fyrirtæki til annars, unz hann loks er svo heppinn að finna stað, þar sem það er einhvers metið að kunna

til verka. Til þess að binda enda á þennan ófarnað verðum vér að losna við jafnaðartilhneiginguna og hrinda gamla launakerfinu í rústir. Vér verðum að skapa launakerfi, sem tekur til greina muninn á því að kunna til verks eða ekki, á erfiðu verki og léttu . . . Marx og Lenin sögðu, að mismunurinn á verki, sem kunnáttu þyrfti til, og verki, sem ekki þarfnaðist kunnáttu, mundi haldast, jafnvel þótt sósíalismi komist á og þótt stéttir verði afnumdar. Það væri ekki fyrr en á öld kommúnismans, sem þessi munur ætti fyrir sér að hverfa, og því yrði jafnvel í ríki sósíalismans að greiða vinnulaun eftir afköstum, en ekki eftir þurftum manna. En jafnaðarherrarnir í iðnaði vorum og verkalýðssamtökum eru þessu ósamþykkir og þykjast halda, að munurinn hafi þegar horfið undir ráðstjórnarskipulagi voru. Hvorir hafa rétt fyrir sér Marx og Lenin eða jafnaðarherrarnir? Ég held, að oss sé óhætt að gera ráð fyrir því, að Marx og Lenin hafi rétt fyrir sér. Sé svo, þá leiðir aftur af því, að hver sá, sem reisir launakerfi á jafnaðargrundvelli og gleymir muninum á verki, sem kunnáttu þarf til eða ei, hann stendur á öndverðum meið gegn Marxisma og Leninisma. Í hverri iðngrein, hverri verksmiðju, hverri verksmiðjudeild er leiðandi hópur verkamanna, sem kunna að meira eða minna leyti til verka, og þá verðum vér umfram allt að hnýta traustum böndum við framleiðsluna, ef vér óskum að hafa fast verkalið. Þessi leiðandi hópur verkamanna er stoð og stytta framleiðslunnar. Með því að fá þá til að vera um kyrrt í verksmiðjunni eða innan verksmiðjudeildarinnar, fáum vér allt verkafólkið til að vera kyrrt og bindum enda á vinnuflakkið. Og hvornig eigum vér að fara að því að fá þá til að vera um kyrrt í verksmiðjunni? Með því að láta þá komast áfram, hækka laun þeirra, efna til launakerfis, sem geldur þeim, sem kann til verka, það, sem honum ber.“

Svo mörg eru þessi orð Stalins. Eftir nokkurra ára reynslu við fyrstu 5 ára áætlunina sér hann ekki önnur ráð en að taka upp í fyllsta mæli vinnuskipulag Fords og annarra forustumanna í iðju Vesturheims. Þess vegna endar hann þessa merkustu ræðu ævi sinnar með því að krefjast réttláttra launa fyrir vinnugarpinn í samanburði við silakeppinn. Kenning þessi var lítt vinsæl í Rússlandi, eins og hún mun verða hér á landi, í fyrstu, en Stalin lét ekki sitja við orðin tóm. Hann hjó til spámanna vinnuámalanna. Nóttina milli 30. og 31. ágúst 1935 gerðist sá mjög auglýsti atburður, að rússneski kolanámumaðurinn Stakhanov margfaldaði afköst sín við að höggva kol. Af þessu litla atviki varð þjóðarvakning, enda blés Stalin að kolunum eftir mætti. Nú risu upp í hverri iðngrein af annarri nýir spámenn, vinnugarpar, sem beittu verkvélunum með þeim árangri, að afköstin voru aukin stórkostlega. Leið ekki á löngu, þar til öllum þorra verkamanna og miklu af skrifstofufólki var borgað kaup eftir hinum nýju fyrirmælum ákvæðisvinnunnar. Jafnframt þessu var lögð stund á að bæta lífsskilyrði verkamanna. Vinnuaginn var aukinn með breytingum á stjórn verksmiðjanna. Mörgum verkamönnum í Rússlandi var í fyrstu lítið gefið um þessa nýbreytni, en sá mótprói var hældur niður með því að láta þess óspart getið, að Stakhanov hafi fengið spámannsinnblástur sinn beint úr ræðu Stalins, þeirri, sem vitnað er til hér að framan.

Grundvöllur rússneskrar ákvæðisvinnu er fundinn með því að ákveða, hvað sé ákvæðisafköst meðalverkamanna við meðalvinnuskilyrði. Síðan er kaup annarra miðað við þetta alinmál. Sumir fá minna, aðrir meira, allt eftir vinnudugnaði, sem kemur fram í mælanlegum afköstum.

Hér á landi er þessi Ford-Stalin-Stakhanov-aðferð engan veginn alger nýjung. Hlutarsjómennskan er eins konar ákvæðisvinna. Framleiðsla bænda í mjólkurbúum og sláturhúsum er verðlögð eftir afköstum og vinnugæðum. Milli heimsstyrjaldanna beitti húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson, ákvæðisvinnu við fjölmargar opinberar byggingar, eftir því sem venjur og landshættir leyfðu. Nú hefur vinnuhraðinn og verkduagnaður í landinu minnkað stórlega á undangengnum stríðs- og stríðsgróðaárum, og það svo mjög, að hugsandi mönnum stendur

stuggur af. Er það eitt hið mesta stórmál hér á landi að endurskapa vinnudugnað og vinnugleði í landinu. Biður þjóðmálanna á Íslandi sami vandi nú eins og Stalins, er hann hélt sína nafntoguðu ræðu fyrir 17 árum. Er hér á landi hægara um vik í þessu efni sökum hinna margháttuðu verkvæla, sem landsmenn hafa nú fengið, flestar frá Ameríku, móðurlandi nútíma ákvæðisvinnu. Má í þessum efnum hefja vinnubragðabreytingu í öllum þeim starfsgreinum, þar sem véllum er beitt til stórra muna. Þessi breyting er engu síður nauðsynleg hér en í stóru löndunum. Smáþjóðirnar eiga nógu erfitt í samkeppni við völduga nábúa, þó að þær vandi grundvöll framleiðslunnar eins og bezt má verða.

Að líkindum má gera ráð fyrir nokkurri mótstöðu hér á landi gegn þessu ameríska og rússneska kaupkerfi og þá allra mest frá svo kölluðum foringjum verkamanna, sem eru þó ekki verkamenn. En nú er málum svo háttáð hér á landi, að sem stendur eru margir verkamenn í Kommúnistaflokknum, og spara leiðtogar þeirra ekki að halda Rússlandi fram sem fyrirmynd og Stalin, forkólfi bolsévika, sem æðsta spámanni verðalýðshreyfingarinnar í öllum löndum. Nú hefur þessi spámaður kommúnista talað í málinu og auk þess látið verkin tala. Hann hefur talið þessa umbót svo mikilsverða, að líf og lán hins fjölmenna verkamannaríkis væri komið undir því, að tilraunin gæti heppnast. Stalin lét sér ekki nægja að tala sem einvaldspersóna, heldur leiddi í vitnastúkuna spámann allra verkamanna, Karl Marx, og fyrsta spámann bolsévika, Lenin, til að sanna mál sitt. Þess vegna má fullyrða fyrir fram, að íslenzku kommúnistarnir hljóta að styðja þessa breytingu vegna upprunans. Kratar munu tæplega afneita Marx. Af borgarastéttunum er það að segja, að bændur og margir útvegsmenn hafa notað þetta skipulag eftir því sem við varð komið. Um aðra atvinnurekendur má fullyrða, að þeir mundu hafa hinn mesta áhuga fyrir þessari umbót, ef þeir ættu þess nokkurn kost. Ætti lausn þessa máls að verða sameiginlegt áhugamál allra landsmanna, jafnt verkamanna og framleiðenda, að gera tvennt í senn: viðurkenna í orði og verki rétt og göfgi vinnunnar og koma á því réttláta skipulagi, að hver maður í landinu beri úr býtum réttlátt kaup, eins og hann á skilið fyrir áreynslu sína og erfiði. Mun það verða sök íslenzkra framleiðenda, ef ekki tekst að leysa þetta mikla nauðsynjamál þjóðarinnar á þann hátt, sem hér er lagt til, þar sem æðstu spámenn verkamannastéttarinnar hafa viðurkennt í orði og verki, að verkalaun eftir afköstum sé réttlátt og eðlilegt skipulag.

Menn, sem ekki eiga aðgang að rússneskum heimildum, en vilja fá um þetta efni ýtarlegan fróðleik, geta fengið mikla fræðslu um málið í merku ensku fræðiriti: Hubbard: Soviet Labour and Industry, London 1942.